

Málsmeðferð deiliskipulags

Skipulagslög - lög um umhverfismat áætlana.

Sveitarfélag ákveður að gera tillögu að nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi deiliskipulagi, eða framkvæmdaraðili fær heimild til þess..

Felur deiliskipulagstillagan í sér framkvæmd sem tilgreind er í 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum?

NEI

JÁ

Lýsing er gerð og kynnt. Ef meginmarkmið liggja fyrir í aðalskipulagi er heimilt að falla frá gerð lýsingar, og einnig ef um er að ræða breytingar á deiliskipulagi. Eftir að unnið hefur verið úr ábendingum við lýsingu er tillagan kynnt á íbúafundi.

Deiliskipulagstillagan fellur jafnframt undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsfulltrúi f.h. skipulagsnefndar hefur samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í matinu og er eðlilegt að sameina þá "matslýsingu" og gerð lýsingar þegar lýsingar er þörf. Eftir að unnið hefur verið úr ábendingum við lýsingu/ matslýsingu er umhverfisskýrsla fullunnin og deiliskipulagstillagan kynnt á íbúafundi þegar hans er þörf.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi. Tillagan er auglýst og lögð fram til kynningar í 6 vikur.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Gögnin eru auglýst og lögð fram til kynningar, einnig á netinu, í 6 vikur. Samtímis eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum eftir atvikum, send tillagan og umhverfisskýrsla hennar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við umhverfismat tillögunnar.

Ef athugasemdir eru gerðar við deiliskipulags-tillöguna þarf að bregðast við framkomnum athugasemdum og taka deiliskipulagið til annarrar umræðu í sveitarstjórn. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfismati skal tekin til endanlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn, jafnvel þótt ekki hafi borist athugasemdir. Samþykkt skipulagsgögn skulu samanstanda af endanlegu deiliskipulagi ásamt greinargerð um hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og innkomnum athugasemdum auk vöktunaráætlunar. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Skipulagsstofnun birtir deiliskipulag sem öðlast hefur gildi á heimasíðu stofnunarinnar.

Samþykkt skipulagsgögn skulu send Skipulagsstofnun til athugunar innan 8 vikna frá því auglýsingartíma lauk.. Telji Skipulagsstofnun form- eða efnisgalla á deiliskipulaginu kemur hún athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá því athugasemdafresti lauk.

Sveitarstjórn skal senda samþykkt skipulagsgögn til Umhverfisstofnunar og annarra aðila sem fengu tillöguna og umhverfisskýrslu hennar til umsagnar.